

Nd.

778. Nefndarálit

[270. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmda-
áætlunar fyrir árið 1972.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Eitt jákvæðasta atriði málefnasamnings ríkisstjórnarinnar er það, að áætlana-
gerð skuli í vaxandi mæli beitt í stjórn íslenskra efnahagsmála. Á undanförunum ára-

tug hefur það raunar verið gert og með góðum árangri. En mikilvægt er, að því sé slegið föstu, að þannig eigi að vinna áfram, enda liggur í hlutarins eðli, að umfangsmikilli áætlanagerð verður ekki komið á í einni svipan né heldur því að hagnýta framkvæmdaáætlanir réttilega.

Ríkisstjórnin hefur nú birt fyrstu framkvæmdaáætlun sína. Í þessu frv. fer hún fram á heimildir til þess að taka innlend og erlend lán vegna framkvæmdaáætlunarinnar. Áætlunin er seinna á ferðinni en æskilegt er. Ef það stafaði af því, að ríkisstjórnin hefði lagt sérstaka rækt við það stefnumál sitt að grundvalla opinberar framkvæmdir á vandaðri áætlanagerð, væri ekkert við þetta að athuga. En skýrsla fjármálaráðherra um framkvæmda- og fjáröflunaráætlun fyrir árið 1972, sem lögð hefur verið fram til skýringar á frumvarpinu, ber síður en svo vott um, að vinnubrögð ríkisstjórnarinnar grundvallist á skynsamlegri heildarstefnu í efnahagsmálum, mótaðri af vandlegri áætlanagerð.

Efnahagsástandið á Íslandi mótast nú af sívaxandi þenslu. Það er vaxandi skortur á vinnuafli. Verðlag fer ört hækkandi. Innflutningur eykst hröðum skrefum. Sparnaður fer minnkandi. Undir þessum kringumstæðum á það að sjálfsögðu að vera meginstefna ríkisvaldsins að sporna gegn vaxandi verðbólgu. Meginhlutverk áætlanagerðar við þessar aðstæður hlýtur að vera að samræma opinberar framkvæmdir og fjáröflun til þeirra öðrum framkvæmdum í landinu og halda heildarframkvæmdum innan þeirra marka, sem samrýmast raunverulegri framkvæmdagetu, án þess að um ofþenslu og verðbólgu sé að ræða og án þess að efnahagsjafnvægi gagnvart útlöndum sé stefnt í hættu. Framkvæmdaáætlun sú, sem fyrir liggur, og fyrirhuguð fjáröflun til hennar ber þess ekki vott, að nokkurt tillit hafi verið tekið til slíkra sjónarmiða. Þvert á móti er stefnt að aukinni þenslu, vaxandi verðbólgu og halla í viðskiptum þjóðarinnar við önnur lönd, þannig að annaðhvort verður um stórfellda skuldaförnu erlendis að ræða eða gjaldeyrisvarasjóðurinn rýrnar verulega. Stefnan í efnahagsmálum er því ekki mótuð á grundvelli heilbrigðrar áætlunargerðar, eins og fyrirheit var veitt um í stjórnarsáttmálanum. Hér er þvert á móti um að ræða tilviljanakennt stjórnleysi, þar sem reynt virðist að fullnægja óskum úr öllum áttum, en hlýtur að leiða til verðbólgu.

Þjóðin býr nú við betri aðstæður í efnahagsmálum en nokkru sinni fyrr. Á undanförunum þrem árum hefur þjóðarframleiðslan vaxið um 18.5%, og er það meiri vöxtur en nokkru sinni fyrr hefur átt sér stað. Þjóðartekjur hafa vaxið enn meira vegna hagstæðs útflutningsverðlags. Engu að síður hefur verðmætaráðstöfun þjóðarinnar orðið mun meiri en þjóðartekjurnar. Á undanförunum þrem árum hefur hún aukizt um hvorki meira né minna en 48%. Hefur þetta komið fram í hvoru tveggja, auknum lántökum erlendis og minnkandi sparnaði innanlands. Undir slíkum kringumstæðum hlýtur það að vera meginverkefni áætlanagerðar að samræma framkvæmdafyrirætlanir raunverulegri fjárhagsgetu, raða þeim eftir mikilvægi þeirra frá sjónarmiði þjóðfélagsheildarinnar og vernda stöðu þjóðarbúsins út á við. Alvarlegrar viðleitni í þessa átt verður þó ekki vart. Þvert á móti er látið reka á reiðanum. Sem dæmi má nefna, að vöruinnflutningur jókst 1970 um 34% og 1971 um 40%. Viðskiptajöfnuðurinn, sem verið hafði jákvæður um 1042 millj. kr. 1969 og 1970, varð óhagstæður um 4000 millj. kr. 1971. Að vísu var um að ræða mikla aukningu ýmiss innflutnings, sem er sérstaks eðlis. En þótt tekið sé fullt tillit til þess, var engu að síður um a. m. k. 700—800 millj. kr. raunverulegan halla að ræða, og hlýtur það að teljast mjög varhugaverð þróun. Enn heldur innflutningur áfram að aukast, og verður viðskiptahallinn á þessu ári að öllum líkindum enn meiri en í fyrra. Heildarupphæð lána til langs tíma nam í lok s. l. árs um 17 milljörðum króna. Greiðslubyrðin í ár nemur um 300 millj. kr. Gefur auga leið, að ekki verður gengið miklu lengra á þessari braut.

Í stað þess aðhalds, sem undir núverandi kringumstæðum í efnahagslífi þjóðarinnar hefði verið nauðsynlegt af hálfu ríkisvaldsins, ber framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ríkisstjórnarinnar vott um stefnuleysi. Heildarframkvæmdir á fram-

kvæmdaáætlun voru í fyrra 778 millj. kr., en eru nú 2022 millj. kr. eða næstum þrisvar sinnum meiri. Þegar framkvæmdaáætlunin var lögð fram í fyrra, var ráðgert að afla fjár til framkvæmdanna þannig, að ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs var áætlað 340 millj. kr. og endurgreiðslur spariskirteinalána 283 millj. kr., eða samtals 623 millj. kr. Þess, sem á vantaði, átti að afla með hagnýtingu á vörukaupalánum í Bandaríkjunum (PL 480-lánnum) og útgáfu viðbótarspariskirteina, 75 millj. kr. Fé það, sem afla þurfti til viðbótar því ráðstöfunarfé, sem frá upphafi var gert ráð fyrir, nam aðeins 155 millj. kr. af 778 millj. kr. heildarfjárbörf vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Ef framkvæmda- og fjáröflunaráætlunin nú er skoðuð út frá sama sjónarmiði, kemur í ljós, að ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs og endurgreiðslur spariskirteinalána, hliðstæð 623 millj. kr. í fyrra, er nú 595 millj. kr. af 2022 millj. kr. fjárbörf. Verður því nú að afla hvorki meira né minna en rúmra 1400 millj. kr. til viðbótar eða næstum tífaldrar þeirrar upphæðar, sem afla varð í fyrra. Það á nú fyrst og fremst að gerast með stóraukinni skuldabréfaútgáfu ríkissjóðs. Í stað 75 millj. kr. viðbótarskuldabréfaútgáfu er nú ráðgert að gefa út bréf að fjárhæð 500 millj. kr., auk 200 millj. kr. frá fyrra ári og 95 millj. kr. vegna vegagerðar á Skeiðarársandi. Hér er um því sem næst tíföldun skuldabréfaútgáfunnar að ræða. Erlendar lántökur eiga að nema 632 millj. kr. samanborið við 80 millj. kr. í áætlun fyrra árs.

Þetta eru þær tölur, sem frumvarpið um lánsheimildirnar gerði ráð fyrir. Glögg dæmi um losaraleg vinnubrögð ríkisstjórnarinnar er svo það, að eftir að málið kom til meðferðar í fjárhagsnefnd, óskar hún eftir hækkun á lánsheimildunum um 286 millj. kr. Tími hefði þó átt að vera orðinn nægilegur til þess að ganga endanlega frá málinu, áður en mælt var fyrir frumvarpinu á Alþingi og því vísað til nefndar.

Þá verður að vekja athygli á því, að ekki er fullt samræmi milli frumvarpsins og skýrslu fjármálaráðherra um framkvæmda- og fjáröflunaráætlunina. Sem dæmi má nefna, að í frumvarpinu er gert ráð fyrir 60 millj. kr. til raforkulínu á Norðurlandi, sem ekki er í skýrslunni. Hins vegar er ekkert um væntanlegt lán frá Iðnþróunarsjóði í frumvarpinu.

Það hlýtur öllum hugsandi mönnum að vera ljóst, að miðað við þær aðstæður, sem nú eru í íslenzku efnahagslífi, getur það stig opinberra framkvæmda, sem ráðgert er, og sú fjáröflun til þeirra, sem fyrirhuguð er, ekki leitt til annars en vaxandi verðbólgu, meðan ekki eru gerðar aðrar heildarráðstafanir til þess að stemma stigu við þenslunni. Jafnframt má gera ráð fyrir, að afleiðingin verði minnkun gjald-eyrisforðans, og hafa um 2000 millj. kr. verið nefndar í því sambandi. Meginhlutverk ríkisvaldsins ætti nú að vera að sjá svo um, að atvinnuvegirnir hafi nægilegt vinnuafl og geti starfað með sem eðlilegustum hætti. Leggja verður áherzlu á að tryggja þeim nægilegt fjármagn, ekki sízt með hliðsjón af því, að framleiðslukostnaður fer vaxandi. Ríkisvaldið keppir hins vegar við atvinnuvegina um vinnuafl og við bankana um lánsféð með stóraukinni skuldabréfaútgáfu. Afleiðingin getur ekki orðið önnur en aukin þensla og vaxandi verðbólga.

Þótt ég telji, að framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1972 beri ekki vitni um það, að skilningur sé á nauðsyn áætlanagerðar til mótunar á skynsamlegri heildarstefnu í efnahagsmálum og að áætlunin muni hafa verðbólgu-aukandi áhrif, tel ég engu að síður rétt að veita ríkisstjórninni þær lántökuheimildir, sem hún fer fram á, enda er það venja, að stjórnarandstaða standi ekki í vegi fyrir því, að ríkisstjórn fái slíkar heimildir.

Alþingi, 12. maí 1972.

Gylfi Þ. Gíslason.